STJÓRNARTÍÐINDI B 118 – 2005

Nr. 874 1852 30. september 2005

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1074, 29. desember 2004, um veiðar íslenskra skipa á Norðuríshafsþorski 2005, skv. samningi milli Íslands, Noregs og Rússlands.

1. gr.

3. mgr. 5. gr. orðist svo:

Skip þau sem stunda veiðar í lögsögu Noregs og Rússlands skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að hefja veiðiferð í lögsögu Noregs eða Rússlands, fyrr en starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa staðfest til Fiskistofu að ofangreindur búnaður sé um borð og starfi eðlilega.

2. gr.

8. gr. orðist svo:

Aðeins er heimilt í sömu veiðiferð að stunda veiðar á Norðuríshafsþorski og veiðar innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi að öllum afla þeirrar veiðiferðar sé landað í íslenskri höfn. Fyrir upphaf hverrar veiðiferðar, samkvæmt reglugerð þessari, skal skipstjóri tilkynna sérstaklega til Eftirlitsstöðvarinnar, þegar veiðar hefjast innan efnahagslögsögu Noregs, Rússlands og Íslands og þegar þeim lýkur hverju sinni. Þar skal koma fram áætlað magn og samsetning afla um borð, miðað við afla upp úr sjó. Sama gildir ef skip flytur sig milli lögsagna Noregs, Rússlands eða Íslands. Loks skal tilkynna um áætlaðan löndunarstað og löndunartíma.

Hvern mánudag skal tilkynna Eftirlitsstöðinni um heildarafla síðustu viku miðað við afla upp úr sjó, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags til loka síðasta sunnudags, sundurliðað eftir tegundum og veiðisvæðum.

Skipstjórar skulu skrá í afladagbækur sem Fiskistofa leggur til nákvæmar skýrslur um veiðarnar og skal upplýsingum skilað mánaðarlega. Í afladagbókum skal greinilega koma fram, hve mikill hluti aflans er fenginn í efnahagslögsögu Noregs, Rússlands eða Íslands.

3. gr.

1. málsliður 9. gr. orðist svo:

Hafi allur afli í veiðiferð fengist innan rússneskrar eða norskrar lögsögu er heimilt að landa honum í höfnum í Noregi og Rússlandi, enda séu skilyrði Fiskistofu um skýrsluskil uppfyllt.

Gutenberg

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. september 2005.

Einar K. Guðfinnsson.

Jón B. Jónasson.

4. október 2005 Nr. 875

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu í Víkurál.

1. gr.

Frá og með 7. október 2005 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu óheimilar á svæði í Víkuráli, sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66° 04′00 N – 26° 29′00 V
2. 66° 00′00 N – 26° 26′00 V
3. 65° 57′26 N – 26° 33′57 V
4. 65° 44′00 N – 26° 35′00 V
5. 65° 49′00 N – 26° 57′00 V
6. 66° 00′00 N – 26° 50′00 V

Þrátt fyrir ofangreint bann eru veiðar heimilar frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 08.00 að morgni.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 790, 29. ágúst 2005, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu í Víkurál.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. október 2005.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.